

## 12. fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 14. ágúst 2023

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason og Birgir Gunnarsson. Einar Már Sigurðarson var forfallaður.

Fundur hófst kl. 9:00.

### Dagskrá:

#### 1. Launayfirlit janúar – júlí

- a. BG fór yfir launayfirlit fyrir janúar til júlímánuð og fóru fram umræður um málið.

#### 2. Fasteignamál:

- a. **Syðra Laugaland:** BG upplýsti að húsið verði auglýst til sölu á næstunni þegar lóðaumsókn hefur verið afgreidd. Rætt var erindi nágrannabónða um leigu á tünnum og kaupum á útihúsum. Ákveðið var að auglýsa gæðin.
- b. **Skeggjastaðir:** BG upplýsti að húsið hafi verið sett á leigu fram til nóvember.
- c. **Mosfell í Mosfellsdal:** BG upplýsti að húsið hafi verið auglýst til leigu.
- d. **Miklibær:** BG upplýsti að viðræður standi yfir við núverandi ábúanda um áframhaldandi leigu eftir starfslok.
- e. **Melstaður:** BG upplýsti að leigutaki hafi sagt upp leigunni og skoða þarf áframhaldandi nýtingu.
- f. **Skálholt – hitaveituframkvæmdir:** BG upplýsti að hitaveituframkvæmdirnar séu komnar á fullt skrið. Framkvæmdanefnd óskar eftir að erindið verði sent til fjárhagsnefndar til samþykktar á fjárútlátum vegna framkvæmdarinnar.

#### 3. Fjárhagsáætlun 2024 – tímalína

- a. Andrea Bjarnadóttir, starfsmaður Rekstarstofu, kom inn á fund nefndarinnar undir liðnum.
- b. BG og AB gerði grein fyrir tímalínunni við gerð fjárhagsáætlunar.

#### 4. Kirkjuþing - undirbúningur mála

- a. Rætt var um skýrslu framkvæmdanefndar. Var fundarritara falið að útbúa útdrátt úr fundargerðum nefndarinnar.

#### 5. Önnur mál

- a. AÁN upplýsti að hann hafi verið boðaður til fundar formanna fastanefnda og forsætisnefndar vegna komandi Kirkjuþings.
- b. Rætt var um tillögugerð Framkvæmdanefndar til komandi Kirkjuþings.
- c. Rætt var um skipurit þjónustumiðstöðvarinnar.
- d. AÁN lagði fram skjalið: „Vinnureglur og ferlar þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar 3.0 frá 14. ágúst 2023“. Ákveðið var að kynna starfsreglurnar fyrir Kirkjuþingi samhliða skýrslu Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.
- e. ÁH lagði fram fyrirspurn varðandi skógrækt í Saurbæ og Reynivöllum. Framkvæmdanefnd beindi því til Rekstrarstofu að auglýsa landið í Saurbæ.
- f. Í lok fundar tók AGS aftur við störfum formanns Framkvæmdanefndar og AÁN þakkaði fyrir góð störf.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:50. Næsti fundur framkvæmdanefndar ákveðinn 28. ágúst kl. 9:00.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.